

Samg. 15/12
M.E.

Utanríkisráðuneytið

Minnisblað til ráðuneytisstjóra

Nr. 240/2021
Bls. 1 af 2

Dags. 4. júní 2021
Vinnsla / ÞBG

Tilv. UTN20040220/10.C.100
Samþykkt / JEJ

Til ákvörðunar
Til upplýsingar

Þyrfti að upplýsa ráðherra
Þyrfti að berast ráðherra
Þyrfti að berast aðstoðarm.
Afgreiðist fyrir

JEJ

Efni: Formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2023

Í hnotskurn:

Ísland verður með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2023. Undirbúningur formennskunnar hefst í haust með málefnaundirbúningi og stendur yfir allt næsta ár. Formennskuáætlun þarf að liggja fyrir á miðju ári 2022 sem hefur í för með sér að töluverður aukakostnaður leggst á utanríkisráðuneytið á undirbúningsárinu. Styrkja þarf Norðurlandadeild tímabundið vegna formennskunnar. Lagt er til í minnisblaðinu að utanríkisráðuneytið geri tillögu, við fjárlagagerð fyrir 2022, að veittar verði sérstaklega 20 m.kr. til verkefnisins.

Tillaga:

Lagt er til að utanríkisráðuneytið geri tillögu, við fjárlagagerð fyrir 2022, að veittar verði 20 m.kr. til formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni vegna ársins 2022.

Ísland verður með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2023, sem er ári fyrir en ella eftir skipti við Svíþjóð. Formennskuríkið þarf að leggja fram formennskuáætlun þar sem fram kemur m.a. yfirskrift hennar, málefnaáherslur, verkefni og viðburðir. Á formennskuárinu verða haldnir norrænir ráðherrafundir á Íslandi, auk funda norrænna forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Nú þegar er farið að huga að undirbúningi, en hann mun hefjast að fullum krafti í haust eða einu og hálfu ári fyrir upphaf formennskutímans, sem hefst 1. janúar 2023. Ári fyrir formenskuna þarf Norðurlandadeild ráðuneytisins sérstaka styrkingu. Gera verður ráð fyrir því að manna þurfi deildina eins og síðast en þá voru fjórir starfsmenn í deildinni ári áður en formennskan hófst.

Helstu verkefni haustsins eru málefnalegur undirbúningur þar sem stýrihópur Stjórnarráðsins stillir saman strengi og ákveður, að tillögu Norðurlandadeildar, yfirskrift og innihald formennskunnar. Endanleg útfærsla formennskuáætlunarinnar er svo gerð í nánú samstarfi við hlutaðeigandi haghafa, íslenskar og norrænar stofnanir, atvinnulífið, frjáls félagasamtök og aðra eftir atvikum og fer sú vinna fram árið 2022.

Undirbúningur formennskunnar krefst samráðs við hin Norðurlöndin en markmið þess er að tryggja samfellu í stefnu og áherslum. Þá verður einnig að vinna þessa undirbúningsvinnu í

Stjórn 04.06.2021

nánu samstarfi við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Á miðju ári 2022 eru svo útlínur formennskuáætlunarinnar kynntar á fundi forsætisráðherra og fundi samstarfsráðherra Norðurlandanna. Fullmótuð formennskuáætlun Íslands verður að því búnu lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í október og kynnt opinberlega.

Á formennskuárinu munu íslenskir ráðherrar og aðrir fulltrúar Íslands stjórna norrænum fundum og þá má gera ráð fyrir að margvíslegir viðburðir fari fram á Íslandi. Nær allar ráðherranefndirnar munu funda á Íslandi 2023, þar af samstarfsráðherrarnir tvisvar.

Að fenginni reynslu frá síðustu formennsku 2019 þá féll til sérstakur viðbótarkostnaður bæði árin 2018 og 2019. Áætlaður heildarkostnaður við formennsku Íslands yfir tveggja ára tímabil 2022 og 2023 er metin um 95 m.kr., þar sem 20 m.kr. falla til árið 2022 og 75 m.kr. árið 2023.

Í febrúar 2020, við undirbúning fjármálaáætlunar 2021 – 2025, var því flaggað að gera yrði ráð fyrir 75 m.kr. árið 2023 vegna formennskunnar. Í haust verður kallað eftir fjárhagsáætlun allra fagráðuneyta vegna formennskunnar, en þau verkefni þurfa að rúmast innan fjárveitingarinnar til utanríkisráðuneytisins árið 2023.